

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt, að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.
nr. 137 26. júlí 1971.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 360 000 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.